



## Sérstakir íþrótt- og tómstundastyrkir fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021

Í fjárukalögum fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020, nr. 36/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins, var samþykkt 600 m.kr. framlag til sveitarfélaga í því skyni að gera þeim kleift að veita styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir. Framkvæmd styrkúthlutana er á hendi sveitarfélaga og eru þeir veittir á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagþjónustan hjá Ísafjarðarbæ hefur umjón með umsóknarferli og styrkúthlutun fyrir Ísafjarðarbæ og Súðavíkurrepp.

Samhliða stendur félagsmálaráðuneytið fyrir áttakinu „*Allir með*“ til að kynna styrkinn þar sem m.a. er lögð sérstök áhersla á að ná til viðkvæmra hópa. Kynningarherferðin fer í loftið 18. nóvember 2020. Markmiðið er að allir sem eiga rétt nýti sér styrkinn og því er lögð áhersla á að kynna hann sem víðast.

Sérstakur íþrótt- og tómstundastyrkur er greiddur með börnum fæddum á árunum 2005 til 2014 á tekjulágum heimilum, þ.e. sem eru með lögheimili á heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en kr. 740.000,- á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020. Styrkupp hæð getur numið allt að kr. 45.000,- fyrir hvert barn og er gert ráð fyrir að íþrótt- og tómstundaiðkunin fari fram á skólaárinu 2020-2021.

Áður en umsækjandi sækir um styrkinn hjá sveitarfélagi kannar hann rétt sinn hjá Ísland.is. Þar fær hann sjálfvirka niðurstöðu um hvort hann uppfylli tekjuviðmið ásamt leiðbeiningum um næstu skref. Félagþjónustan tekur við umsóknum í gegnum Mínar síður á heimasíðu Ísafjarðarbæ og veitir þeim einnig móttöku á velferðarsviði.